



5. fundur í aðalstjórn Aftureldingar, þriðjudaginn 14. desember 2021.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Aftureldingar kl. 17.45

Mættir stjórnarmenn:

Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Erla Edvardsdóttir (EE), Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), Geirarður Long (GL), Gunnar Skúli Guðjónsson (GSG) og Reynir Ingi Árnason (RIÁ)

Mættir starfsmenn:

Kristrún Kristjánsdóttir (KK) framkvæmdastjóri

Hanna Björk Halldórsdóttir (HBH) íþróttafulltrúi

Dagskrá:

1. Íþróttamaður og -kona Aftureldingar

Hanna Björk fór yfir val nefndarinnar. Veitt eru verðlaun fyrir íþróttamann- og konu ársins, hópabikar UMSK, vinnuþjark, hvatabikar, þakkarverðlaun, þjálfara ársins, starfsbikar UMFÍ, Gunnillubikar og afrek ársins.

Viðburðurinn verður haldinn í Sal 3 í íþróttamiðstöðinni að Varmá miðvikudaginn 29. desember kl. 20 og verður minni í sniðum þetta árið vegna Covid. Hver verðlaunahafi fær að bjóða tveimur gestum með sér. Einnig verður viðburðinum streymt. Í nefndinni sitja Hanna Björk íþróttafulltrúi, Geirarður Long frá Aðalstjórn og Ívar Benediktsson faglegur ráðgjafi.

2. Samningur við Sessor

Fjármálafulltrúi Aftureldingar er að láta af störfum og er skrifstofan að leita leiða til að leysa fjármálafulltrúann af hólmi. Hafnar eru viðræður við Sessor ráðgjafabjónustu að taka að sér bókhaldsvinnu Aftureldingar og fékk aðalstjórn kynningu á samningsdrögum. Niðurstaða aðalstjórnar er sú að ganga til samninga við Sessor á grundvelli samningsdraga. Ákvörðunin verður endurskoðuð fyrir mitt ár með tilliti til hvernig gengur.

3. Önnur mál

Sóttvarnir: Hanna Björk heldur áfram hlutverki sínu sem sóttvarnarfulltrúi en þess er krafist aftur af íþróttafélögum að skipa sóttvarnarfulltrúa í ljósi aðstæðna. Skólar Mosfellsbæjar óska eftir að skrifstofa láti skólanna vita ef upp koma smit í íþróttum og er Hanna Björk í góðum samskiptum við fulltrúa skólanna.

Fundi slitlið kl.19:30

Kristrún Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.